



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 24/2020

Auðkennið RÖRVIRKI

I.

Erindið

Neytendastofu barst kvörtun Þorvalds Jóhannessonar, dags. 22. ágúst 2019, vegna notkunar Rörvirkis sf. á auðkenninu RÖRVIRKI. Í erindinu segir að kvartandi hafi skráð einkafyrirtæki sitt undir nafninu Rörvirki hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði árið 1982. Hafi tilgangur félagsins verið rekstur hverskyns verktakastarfsemi, pípulagningar og verslun með efni til pípulagninga. Fyrirtækið sé skráð undir nafni kvartanda í fyrirtækjaskrá hjá Ríkisskattstjóra. Kvartandi hafi fyrir nokkru komist að því að starfandi sé fyrirtæki undir sama nafni, Rörvirki sf., í Reykjanesbæ sem sinni hliðstæðri starfsemi og hans fyrirtæki. Eins og sjá megi af tilkynningu kvartanda til Sýslumannsins í Hafnarfirði sé fyrirtæki hans stofnað rúmlega fjórum árum áður en Rörvirki sf. varð til. Kvartandi fari fram á að Neytendastofa skoði málið og leiðbeini honum hvernig hann geti sótt rétt sinn til að vera einn eigandi fyrirtækis með nafninu Rörvirki sem sinni hvers kyns verktakastarfsemi, pípulagningum og verslun með efni til pípulagninga.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi kvartanda var sent Rörvirki sf. til umagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 29. ágúst 2019. Í bréfinu kom fram að ákvæði 15. gr. a, sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, kæmu til skoðunar í málinu. Svar barst með bréfi, dags. 20. september 2019. Í bréfinu kemur fram að þann 5. september 1986 hafi þeir Lúðvík Gunnarsson og Hermann Jónasson stofnað sameignarfélagið Rörvirki og skráð það hjá firmaskrá athugasemdalaust. Þeir hafi rekið félagið og verið með skráð virðisaukaskattsnúmer frá 1. janúar 1990 eða frá því að virðisaukaskattur tók við af söluskatti.

Félagið hafi starfað í Reykjanesbæ og nágrenni og hafi ekki verið gerðar athugasemdir vegna notkunar á auðkenninu RÖRVIRKI. Við nánari athugun vegna kvörtunar Þorvalds og skoðun á fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra sé hægt að sjá að kvartandi sé með firmaheitið skráð á sitt nafn



og kennitölu og hafi verið með virðisaukaskattsnúmer skráð frá 1. mars 2010 en því hafi verið lokað 15. janúar 2013. Þannig sé ekki hægt að sjá að kvartandi sé með starfsemi á fyrirtæki sínu. Það vekur því undrun Rörvirkis sf. að nú sé verið að gera athugasemdir við notkun á auðkenninu þegar kvartandi sé, samkvæmt fyrirtækjaskrá, ekki með skráða starfsemi.

2.

Bréf Rörvirkis sf. var sent kvartanda til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 24. september 2019. Svar kvartanda barst með bréfi, dags. 3. október 2019. Í bréfinu segir að með svarbréfi Rörvirkis sf. hafi verið staðfest að félagið hafi verið stofnað þann 5. september 1986, en það sé meira en fjórum árum eftir að kvartandi eignaðist nafnið. Nægi þar að nefna að í Lögbirtingarblaðinu hafi birst auglýsing þann 2. apríl 1982, þar sem tilkynnt hafi verið til firmaskrár að kvartandi ræki með ótakmarkaðri ábyrgð einkafyrirtæki í Hafnarfirði undir nafninu Rörvirki. Í blaðinu hafi einnig komið fram að tilgangur firmans hafi verið rekstur hvers kyns verktakastarfsemi, pípulagnir og verslun með efni til pípulagninga. Þá sé á vef ríkisskattstjóra fjallað um viðmið við skráningu firmaheita, en þar beri einn kaflinn þá yfirskrift að ekki sé hægt að skrá tvö eins firmaheiti. Tekið sé þar fram að rekstrarform félags skipti þar ekki máli, eingöngu nafn firmans. Þá sé í svari Rörvirkis sf. ýmsar vangaveltur varðandi rekstur kvartanda undir firmaheitinu Rörvirki, virðisaukaskattsnúmer o.fl. Þessir þættir skipti engu máli varðandi rétt kvartanda til nafnsins. Kvartandi hafi átt fyrirtæki sem beri nafnið Rörvirki frá 1982, eins og öll gögn sýni, það sé það sem skipti máli í þessu samhengi. Í ljósi þessa fari kvartandi fram á það við Neytendastofu að hún hlutist til um að Rörvirki sf. velji sér annað nafn fyrir starfsemi sína.

3.

Bréf kvartanda var sent Rörvirki sf. til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 4. október 2019. Svar Rörvirkis sf. barst með tölvupósti þann 23. október 2019. Í tölvupóstinum kemur fram að Rörvikri sf. velti því fyrir sér af hverju kvartandi sé nú, 33 árum eftir stofnun félagsins, að gera athugasemdir við nafnið. Fyrirtækið hafi einungis starfað í Reykjanessvæðinu og sé ekki að auglýsa í fjölmiðlum þannig að það ætti ekki á nokkurn hátt að trufla meinta starfsemi kvartanda eða taka af honum viðskipti vegna notkunar á auðkenninu RÖRVIRKI.

4.

Bréf Rörvirkis sf. var sent kvartanda til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 5. nóvember 2019. Með bréfinu var aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.



III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar kvörtun Þorvalds Jóhannessonar yfir notkun Rörvirkis sf. á auðkenninu RÖRVIRKI. Í gögnum málsins kemur fram að kvartandi hafi skráð einkafyrirtæki sitt undir heitinu Rörvirki hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði árið 1982 eða fjórum árum áður en félagið Rörvirki sf. hafi verið stofnað. Hafi tilgangur félagsins verið rekstur hverskyns verktakastarfsemi, pípulagningar og verslun með efni til pípulagninga.

Í svörum Rörvirkis sf. kemur fram að félagið hafi verið stofnað þann 5. september 1986 og það skráð hjá firmaskrá athugasemdalaust. Félagið hafi verið í rekstri og með virðisaukaskattsnúmer frá 1. janúar 1990. Bendir félagið á að kvartandi sé með firmaheitið skráð á sitt eigið nafn og kennitölu og hafi verið með virðisaukaskattsnúmer frá 1. mars 2010 en því hafi verið lokað 15. janúar 2013. Þannig sé ekki hægt að sjá að kvartandi sé með starfsemi á fyrirtæki sínu.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum



sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til auðkennisins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað auðkenni sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið.

Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður auðkennið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda þess eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því að jafnaði við að auðkennið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Í málinu liggur fyrir að kvartandi skráði firmaheitið RÖRVIRKI á eigin kennitölu hjá firmaskrá Hafnarfjarðar árið 1982. Samkvæmt fyrirtækjaskrá Skattsins var Rörvirki sf. skráð árið 1986. Neytendastofa telur bæði fyrirtækin hafa rétt til notkunar auðkenna sinna í skilningi 15. gr. a. laga nr. 57/2005 og kemur 2. málsl. 15. gr. a. því til álita í málinu.

Samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eru bæði Rörvirki sf. og starfsemi kvartanda skráð í ÍSAT atvinnugreinaflokkinn 43.22.0; Pípulagnir, uppsetning hitunar- og loftræstikerfa. Af gögnum málsins má ráða að kvartandi hafi haft með höndum litla sem enga atvinnustarfsemi undir heitinu Rörvirki frá árinu 1986 til dagsins í dag. Hins vegar má sjá af gögnum málsins að starfsemi Rörvirkis sf. hafi verið nær óslitin frá 5. september 1986.

Neytendastofa telur auðkennið RÖRVIRKI geta verið nægilega sérkennandi fyrir pípulagninga-þjónustu til þess að aðili geti notið einkaréttar á auðkenninu. Að mati stofnunarinnar verður við mat á einkarétti kvartanda til auðkennisins þó ekki litið framhjá því að kvartandi lét hjá líða að gera athugasemdir við heiti Rörvirkis sf. í rúma þrjú áratugi og hefur ekki sýnt fram á neina starfsemi undir heitinu Rörvirki síðustu áratugi. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 gerir ekki kröfu um að gripið sé til aðgerða til verndar auðkenni innan tiltekinna tímamarka en eins og málum er hér háttað og að teknu tilliti til aðstæðna í máli þessu telur Neytendastofa að notkun Rörvirkis sf. á auðkenninu leiði ekki til ruglingshættu eða að brotið sé með öðrum hætti gegn ákvæði 15. gr. a laga nr. 57/2005.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða í máli þessu“

Neytendastofa, 7. júlí 2020

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir